



Fimm ára starf

í tengslum við grunnskóla Hjallastefnunnar

Hugleiðingar MPÓ í byrjun vorannar 2013, nær tíu árum eftir að Hjallastefnan tók ákvörðun um að bjóða fimm ára leikskólabörnum aðild að fyrsta barnaskóla Hjallastefnunnar. Síðan þá hafa þrír skólar á grunnskólastigi bæst við; einn þeirra er ekki með fimm ára starf, annar til býður upp á það en aðeins hluti fimm ára barna úr leikskóla Hjallastefnunnar í sveitarfélaginu þiggur það tilboð og loks er einn skóli rekinn í samrekstri allt frá 18 mánaða til 16 ára

Fimm ára starf

Fimm ára starf á vegum Barnaskóla Hjallastefnunnar er skilgreint sem leikskólastarf þar sem grunnskólalög kveða á um 10 ára grunnskóla. Markmið þess að bæta fimm ára starfi við yngsta stig grunnskólans er að gefa börnum kost á gæðastarfi leikskóla og auðga það með grunnskólastarfi þar sem byrjað er að vinna að læsi og stærðfræði strax í upphafi skólaárs hjá fimm ára börnum.

Þannig er fimm ára starfinu ætlað að taka það besta úr hefðum beggja skólastiga og skapa nýtt fyrirkomulag. Almennar reglur leikskólastigsins sbr. handbók Hjallastefnunnar fyrir leikskólastigið gilda einnig um fimm ára starfið og reyndar um grunnskólastigið allt. Þar má nefna einfaldleika, festu og öryggi í starfinu, sömu grunndagskrá alla daga, gagnsætt og síendurtekið skipulag í kennsluskám beggja anna, resluleg kynjablöndun og svo mætti lengi telja.

Að auki er fimm ára starfinu ætlað að leggja góðan grunn fyrir fyrsta bekk grunnskólans þar sem stór hluti fimm ára barnanna er orðinn læs og kominn með góðan talnaskilning og æfingu í einföldum reikniadgerðum.

Lestrarkennsla; hljóðvitund og kennsla á hljóðum/stöfum

Góð hljóðgreining er grunnur þess að ná tókum á lestri. Jafnhliða stafakennslu og bæði áður og á undan er unnið með hljóðuna er haustið hafið með hljóðgreiningarvinnu sem er áframhald frá yngri stigum leikskólans. Þar á meðal er að ríma orð, klappa taktinn í orðum, hlusta og finna hljóð inni í orðum og fleira og fleira. www.lesvefurinn.is er með góðar upplýsingar um hljóðkerfisvitund og „Markviss málörvun“ bendir á margar góðar leiðir sem styrkir hljóðvitund barna.

Hljóðalestur og aðferðir Helgu Sigurjónsdóttur eru lagðar til grundvallar í læsisvinnu fimm ára barna. Þá eru stafirnir, bæði há- og lágstafir, kenndir á 8 vikum á haustönn ásamt einföldum tengingum (sjá kennsluleiðbeiningar í bókum hennar). Þessar 8 vikur eru annað hvort 1. og 2. lota haustannar eða þá 2. og 3. lota. Hver stund er aðeins 20 mínútur og þessi stafavinna er á mánudögum til og með fimmtudögum umræddar vikur.

Mörg börn munu byrja að stauta eftir þessa stafavinnu, þó fleiri stúlkur en drengir. Önnur munu alls ekki ná tókunum en það gerir ekkert til, aðeins 20 mín. á dag skapa engan leiða og í næstu 8 vikum sem eru annað hvort 4. og 5. lota vorannar eða þá 5. og 6. lota, munu nokkur í viðbót ná tókunum.

Þessi stafakennsla krefst þess að einnig séu notaðar aðrar og fjölbreyttar leiðir til að börn nái að stimpla inn stafatáknin. Þau þurfa að handfjatla stafi, leira þá, leita að þeim inni í orðum og svo má lengi telja. Aðferðir byrjendalæsis eru ekki markmið í sjálfu sér í fimm ára starfinu en þar leynast margar frábærar hugmyndir sem nota má í skólastarfinu.

Gæta þarf að því að vera með vinnu af þessu tagi allan veturinn, líka þegar 8 + 8 vikur eru ekki í gangi, til að viðhalda og minna á; æfingin skapar meistarann.

Þegar ljósrit eru útbúin fyrir lestrarvinnu, er „off-white“ pappír bestur þar sem börnum er auðveldara að lesa af honum heldur en hvítum. Krókaletur er einnig best til lestrar bæði í merkingum og í textablöðum (t.d. Times New Roman).

Skimun og mat

Skólinn tekur ákvarðanir um skimun með viðurkenndum prófum eins og Læsi 2

Skrift

Öll fimm ára börnin kunna að skrifa einhverja hástafi, þar á meðal nafnið sitt og fleira. Best er að kenna þeim að tala um tvær skriftargerðir; annars vegar gömlu skriftina sína og hins vegar skólaskrift sem þau eru að læra. Eftir það þurfa þau að fá skýr fyrirmæli hvenær þau eiga að nota hvora tegund. Með þessu móti er verið að leggja eldri getu þeirra að jöfnu við nýja færni.

Fimm ára börn byrja að draga til stafs um leið og hver stafur er kenndur. Gott er að þau eigi skrifarbók án línustrikunar þar sem þau þurfa mismunandi mikið rými fyrir stafina sína en svo er líka gott að æfa sig á línu. Fjölbreytt reynsla og aðferðir eru alltaf lykilhugtök í Hjallastefnustarfi.

Eitt af því sem má mæla með er formteikning sem leið til að styrkja samhæfinguna sem þarf til að sjá tákn (staf) og færa hann yfir á pappír/sand/leir eða hvað annað sem notað er hverju sinni.

Á sama hátt og fimm ára börnin æfa sig án lína og einnig með línunum, er gott að bjóða stundum upp á strokleður en hafa skýrt að stundum æfa þau sig án þess að nota strokleður til að forðast fullkonnunarárætti og ótta við að gera ekki nógu vel.

Stærðfræði

Grunnur að talnaskilingi er lagður í leikskólanum en í fimm ára starfinu er skrepið tekið lengra. Þannig er ein lota á hvorri önn helguð stærðfræði (vikan án lestrarkennslunnar) en auk þess er örstutt stund daglega tekin í stærðfræðivinnu. Best er að kalla stærðfræðivinnuna réttum nöfnum, nota hugtök hiklaust eins og samlagning, frádráttur, jafnt og ... til að rétt hugtök lærist. Ágætt getur verið að smeygja smástærðfræði inn í daglegt starf til viðbótar en halda því þó í hófi. Þannig getur verið leiðgjarn að fara alltaf í að telja þegar ávöxtum er skipt svo dæmi sé tekið.

Náttúrulegur efniviður eins og könglar, mjúkir fjörusteinar eða kaplakubbar eru notaðir sem talningarefni. Fyrstu æfingarnar eru „hands on“ þar sem þau telja fjöldann á spjöld með númerum eða sækja svo og svo marga steina á útisvæði osfr. Strax er byrjað að vinna með einföld og raunveruleikatengd orðadæmi og telja með talningarefninu hversu margir séu í fönðurkróki ef 4 hafa valið hann en svo koma 5 börn í heimsókn og hvað gerist ef tvö þeirra

fara að sækja ávexti. Orðadæmin verða síðan flóknari en áfram er lögð mikil áhersla á að þau handfjatli talningarefnið.

Númíkon stærðfræðigögn eru til fyrir fimm ára starf sem tengt er við grunnskóla Hjallastefnunnar. Þar eru einföld dæmi og vinnuaðferðir allt frá fyrsta verkefni í kennaraleiðbeiningum með Númíkoninu og áfram. Best er að fylgja þeim nákvæmlega og vinna í fámennum hópi, t.d. í stöðvavinnu þar sem einn hópur er í kennarastýrðu starfi með Númíkomi og aðrir á sjálfbærum stöðvum eins og í leirvinnu, kubbum eða hverju öðru sem hentar kjarnanum.

Tímalengd samtímis í stærðfræðivinnu ber að stilla í hóf; talið er að fimm ára börn geti verið með að hámarki 20 mínútna úthald og er gott að miða við það, hvort sem unnið er með allan hópinn eða í stöðvavinnu.

Sum börn ná fljótt taki á grunnvinnunni og þá er sjálfsagt að meta það að fara yfir í námsefni eins og á grunni námsefnið í stærðfræði eftir Helgu Sigurjónsdóttur fyrir þau sem eru tilbúin. Spjaldtölvur eru einnig afburða í stærðfræðivinnu en þar eru ótal mörg afar góð smáforrit sem kennarar geta haft til taks, flokkuð eftir þyngdarstigi til að mæta ólíkum þörfum.

Smíðjur eða viðfangsefni

Reynsla barns er meginútkoma úr skólastarfi. Hlutverk fimm ára starfsins er að auðga reynsluheim barnsins með sem fjölbreyttustum hætti, bæði í læsisvinnu og stærðfræði.

List- og verkgreinar af ýmsu tagi ásamt góðri útikennslu er kjörið að taka í lotum þar sem fengist er við sama verkefnið viku í senn. Þá er algengast að lotan sé samfelldir dagar, 3-4 í röð eftir því hvað hentar. Algengast hefur verið að taka þriðju-, miðviku- og fimmtudag og þá eftir hádegi þar sem mesta einbeitingin að morgni dags er notuð í læsi og/eða stærðfræði og síðan önnur verkefni skv. kennsluáætlun. Önnur leið er að smíðjuviðfangsefni í tiltekinni viku sé einfaldlega unnið þegar kennara hóps/kennurum kjarna hentar best.

Oftast er best að hver kennari sjái um smíðjuviðfangsefnin en stöku sinnum er gott að fá inn gestakennara eða að kennarar í sömu skipulagsheild skiptist á til að auðga reynslu barnanna. Þar sem tveir (eða fleiri kennarar) eru oftast á kjarna, er smíðjuvinnan tilvalin í að annar kennarinn taki td myndlist fyrir öll börn kjarnans (einn hópur eða mátulag hópstærð í einu) og hinn kennarinn taki þá eitthvert annað verkefni fyrir hinn hópinn.

Heppileg viðfangsefni í smíðjum er t.d. myndlist, tónlist, útikennsla, jóga, dans, smíðar og svo mætti lengi telja.

Enska er gjarnan tekin í smíðjum og þá nánast daglega í þrjár vikur á hverri önn. Það samsvarar 12 skiptum í ensku fyrir utan að enskuupprifjun með kjarnakennurum er gott spjaldtölvuverkefni.

Hópatímar, hlutverk kennara og val

Morgunhópatími er lengsta kennslueining dagsins. Þar þarf að vera örstutt morgunsamvera með smásöng og heilsun sem er þá hefð á kjarnanum (ef kjarninn er mjög fjölmennur, er betra að hafa morgunsamveru skipta). Þessi samvera á plássum þarf að vera stutt og snör, nokkrar mínútur og síðan fer hver hópur í sitt starf. Stundin með læsisvinnu og/eða stærðfræði þarf að vera stutt (20 mínútur) til að einnig gefist góður tími fyrir lifandi útistarf, leiki, innihreyfing, föndur, stöðvavinnu svo að dæmi séu tekin svo og verkefni í takti við kynjanámskrána. Sumir hópar byrja á læsis- og stærðfræðivinnu en aðrir enda morgunhópatímann með þeim verkum. MIKILVÆGAST ER AÐ MUNA AÐ HAFA FRÁBÆRT HJALLÍSKT LEIKSKÓLASTARF TIL VIÐBÓTAR ÞVÍ AÐ AUÐGA FIMM ÁRA STARFIÐ MEÐ LÆSI OG STÆRÐFRÆÐI.

Kennarar skipta gjarnan með sér starfi þar sem annar er ívið meiri umsjónarkennari hluta kjarnans en hinn annast umsjón með hinum hluta kjarnans. Mjög varasamt er að rígnepla niður hver „á“ hvaða hóp; mun betra er að kynna kennara kjarnans sem samkennara og að þótt börn eigi sér umsjónarhóp eins og t.d. x og z hópa, eru einnig aðrir hópar mótaðir eftir t.d. enskuhópar og hópar eftir áhuga og námsstöðu.

Val er ein klst. á hverjum morgni og hefst með valfundi. Ef kjarninn er fjölmennur, er gott að hafa valið skipt. Útival er eingöngu í vali ef það gengur mjög vel þannig að kynjabundin slika sé ekki fyrir hendi – ella er eingöngu innival og farið enn meira í útistarf í hópum.

Verkefni í vali eru hin sömu og lýst er í handbók leikskóla og með fimm ára börnum er gríðarlega mikilvægt að kennarar auðgi vafnið til að tryggja síbreytilega reynslu barnanna.

Tenging við starf grunnskólans

Þar sem fimm ára börn starfa með grunnskólabörnum, ber að gæta þess að starfið uppfylli aðalnámskrá leikskóla. Samtímis þarf að tryggja að tilboð grunnskólans bjóðist einnig til fimm ára barnanna eins og íþróttir, leiksýningar, þátttaka í söngfundum osfr. Mælt er með því að fimm ára börn fái sundnámskeið á vorönn en þá gegn gjaldi.

Kennarar fimm ára barna fara að öllu leyti eftir sömu starfslýsingum og gilda í leikskólum Hjallastefnunnar og eru launakjör og undirbúningstími hinn sami.